

Nd.

446. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40 7. maí 1928 (Jarðræktarlög).

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Eftir því, sem fé sjóðsins hrekkur til, skal því varið til að styrkja bændur með ákveðnu framlagi, miðað við kaupverð, til að eignast meiri háttar verkfæri til jarðræktar og heimilisnota, svo sem hér segir:

- a. Helmingsframlag veitist til kaupa á hestverkfærum til jarðvinnslu og garðræktar, steingálgum, áburðardreifurum, forardælum og dælum, sem notaðar eru til varnar gegn kartöflusýki.
- b. Þriðjungsframlag veitist til kaupa á heivinnuvélum og tóvinnuvélum.

Enginn bóndi getur fengið meira framlag úr sjóðnum en 600 krónur.

Sá, er styrks beiðist, sendir umsókn sína, stílaða til Búnaðarfélags Íslands, stjórn búnaðarfélags þess, sem hann er í, og sér hún þá um útvegum verkfæranna og greiðslu andvirðis.

2. gr.

Í stað orðanna „allt að $\frac{1}{4}$ verðs“ í 15. gr. laganna komi: allt að helmingi verðs.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.